

5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um verkfæri handa jarðyrkjumanni.

1874.

23. janúar.

Eptir að stjórnarráðið hafði gefið til kynna í bréfi til yðar, herra landshöfðingi, dagsettu 5. júlím. f. á., að það mundi vera tilleiðanlegt til, að veita jarðyrkjumanni Sveini Sveinssyni 50 til 60 rd. styrk til þess að útvega þau áhöld, sem mest er þörf á við atvinnu hans, ef hann vildi skýra stjórnarráðinu frá, hver þau áhöld væri, og segja til verðs á þeim, hefir tæður Sveinn Sveinsson í meðfylgjandi bænarskrá, sem barst stjórnarráðinu beina leið með því póstskipi, sem síðast kom frá Íslandi, sókt um styrk til þess að kaupa verkfæri til landamælinga og hallamælinga fyrir 25 rd., og jarðarnafar, sem hann samt eigi getur sagt til verðs á.

Það tæð bænarskrá ekki barst stjórnarráðinu fyr en við lok reikningsársins, sem liðið er, og eptir að búið var að verja öllu því fê, sem ætlað var til óvissra útgjalda á því reikningsári, sêr stjórnarráðið sêr eigi fært, að veita hinn umgetna styrk af þessari útgjaldagrein fyrir árið, sem leið, og verðum vèr því að láta það vera komið undir yður, herra landshöfðingi, hvort yður þykir ástæða til að veita jarðyrkjumanni Sveini Sveinssyni styrk þann, sem hann hefir sókt um, af því fê, sem ætlað er til óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, fyrir yfirstandandi reikningsár, og sem yður eru veitt umráðin yfir.

6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanrikisstjórnarinnar, um málsókn útaf meiðyrðum við íslenzkan embættismann.

27. janúar.

Útaf því, að hinn danski aðalverzlunarfulltrúi í *Leith* hefir farið þess á leit við utanrikisstjórnina, að honum yrði veitt heimild til að höfða mál gegn þeim manni, sem hafði á leigu gufuskipið *Queen*, er á heima í *Aberdeen*, útaf meiðandi sakargiptum við einhvern embættismann á *Borðeyri*, í kvittun, er hann

1874.

27. janúar.

gaf út fyrir borgun undir poka með póstsendingum frá Reykjavík til Akureyrar, hefir utanríkisstjórnin í bréfi 18. f. m. borið upp fyrir dómsmálastjórninni, hvort nauðsyn sè á að veita aðalverzlunarfulltrúanum tæða heimild, og jafnframt mælt til að fá vísbending um, hver bera skyldi kostnaðinn við rekstur málsins, ef til kæmi.

Útaf þessu gefum vèr utanríkisstjórninni til vitundar, að eigi virðist ástæða til að höfða mál útaf þessu af stjórnarinnar hálfu.

4. febrúar.

7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um bænarskrá um uppreist á æru.

Með bréfi, dagsettu 24. nóvbrm. f. á., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þarsem Gissur bóndi Sigurðsson á Smyrlabjörgum í Skaptafellssýslu, sem við aukarétt tæðrar sýslu 29. apríl 1849 var dæmdur í tvisvar sinnum 27 vandarhagga refsingu fyrir þjófnað, sækir um uppreist æru sinnar, og fylgdi þeirri bænarskrá samkvæmt tilskipun fyrir Ísland um uppreist á æru, og fl., 12. marz 1870, vottorð frá tveimur mönnum um ólastanlega hegðun hans og álitsskjal hlutaðeiganda sýslumanns.

En með því eigi er sannað, að vottorðið um hegðun sækjandans sè áreiðanlegt, og sýslumaður þar að auki ekki með ákveðnum orðum hefir látið álit sitt í ljósi um háttalag hans, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að það er hvorttveggja, að nákvæmari skilríki verða að koma fyrir því, að þeir menn, sem gefið hafa vottorð um ólastanlega hegðun sækjandans, hafi verið honum gagnkunnugir, og sè áreiðanlegir menn, áður en það verður borið upp fyrir konungi, að sá, sem í hlut á, verði aðnjótandi þeirrar náðar, sem hann sækir um, enda verður hlutaðeigandi sýslumaður, eptir að hann, ef á þarf að halda, hefir haldið rannsókn, að skýra nákvæmar og ítarlegar frá breyttni hlutaðeiganda, og skal í því tilliti geta þess, að það eigi nægir,